



312. fundur

Bæjarstjórn Stykkishólmsbæjar hélt fund fimmtudaginn 30. október 2014 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Ráðhúsinu.

Mætt voru:

Hafdís Bjarnadóttir forseti bæjarstjórnar, HB
Sigurðar Páll Jónsson, SPJ
Katrín Gísladóttir, KG
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir, ÍHS, varamaður Sigurðar Páls Jónssonar
Lárus Á. Hannesson, LÁH
Davíð Sveinsson varamaður Ragnars, DS
Helga Guðmundsdóttir, HG
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri SB
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Forseti bæjarstjórnar, Hafdís Bjarnadóttir, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fundagerðir bæjarráðs.

1.1. Fundagerð bæjarráðs nr. 516, dags. 13. október 2014. Fundagerð framlögð.

Liður 1 kynning á viðræðum við Íslenska Kalkþörungafélagið um að úthluta lóð og aðstöðu fyrir verksmiðjuhús þar sem reist yrði verksmiðja sem á að vinna verðmæti úr þangi, þörungum og öðru hráefni sem fellur til á svæðinu.

Bæjarstjóri gerði grein fyrir viðræðum við Íslenska Kalkþörungafélagið. Bæjaráð samþykkir heimild til bæjarstjóra að halda áfram viðræðum við Íslenska Kalkþörungafélagið.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tóku: LÁH og SB

Liður 2 Norðurljósahátíð.

Tillaga um að heiðra þá Jón Svan Pétursson og Lárus Pétursson fyrir áratuga farsælt starf við tónlistarflutning í þágu bæjarbúa.

Tillaga samþykkt samhljóða.

Til máls tóku: LÁH, HB og SB

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



Fundargerð samþykkt.

- 1.2. Fundargerð bæjarráðs nr. 517, dags. 16. október 2014.
Fundargerð framlögð.

Liður 1 fundargerð skipulags- og bygginganefndar nr. 177, haldinn 13. október 2014.

Fundargerð framlögð.

1.1. 1409020 - Hjallatangi 8 – sólstofa.

Björgvin Guðmundsson kt.250950-4389 endurnýjar umsókn um byggingarleyfi á sólstofu frá 2007 samkvæmt uppdrætti frá Ragnari M. Ragnarsyni BFI, dags.05.10.2014.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.2. 1409031 - Bókhöðustígur 1 - breyting á bílskúr.

Páll Gíslason kt.010651-4769 sækir um byggingarleyfi fyrir breytingum á bílskúr. Erindið hefur verið tekið fyrir áður á 138. fundi 28.04.2011.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.3. 1403003 - Austurgata 7 - umsókn um byggingarleyfi og breytingu á starfsemi.

Sigríður Magnúsdóttir kt.260362-6589 sækir um fyrir hönd Kapólsku kirkjuna á Íslandi kt.680169-4629 um breytingar á grunnmynd og starfsemi í hluta hússins. Afgreiðslu frestað á fundi 170. og frestað á fundi 176 og óskað eftir grenndarkynningu. Tvö bréf og einn tölvupóstur bárust í grenndarkynningu.

Í ljósi fyrirspurnar (liður 12 í fundargerð) leggur skipulags- og byggingarnefnd til að byggingarleyfi verði veitt fyrir jarðhæð, 2. hæð og 3. hæð, enda um mjög óverulegar breytingar frá núgildandi uppdráttum. En byggingarleyfi fyrir 1. hæð og útisvæði verði frestað í ljósi fyrirspurnar (liður 12) og óskað eftir uppfraedum uppdráttum og skriflegu samþykki meðeiganda á lóð. Lagt er til að Skipulags- og byggingarfulltrúi sendi þeim aðilum er athugasemdir gerðu niðurstöðu fundar samkv. gr.5.9.4. í skipulagsreglugerð.



Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.4. 1409047 - Nesvegur 13 – byggingarleyfi.

Þórey Jónsdóttir, sækir um fyrir hönd Ragnars og Ásgeirs ehf kt.430497-2789 um byggingarleyfi á breytingum innanhús og utanhús samkvæmt uppdráttum frá Onyx ehf. Umsögn heilbrigðis-, vinnu- og brunaeftirlits liggur fyrir.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi að uppfylltum skilyrðum sbr. gr.2.4.4. í byggingarreglugerð 112/2012 með síðar breytingum.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.5. 1409046 - Nýrækt 1 – byggingarleyfi.

Kristján Lár., kt 300983-4729 sækir um byggingarleyfi fyrir hönd eiganda á endurbyggingu timburgólfs o.fl. og stækka hurð á fjárhúsi samkvæmt uppdrætti frá Onyx ehf.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.6. 1410014 - Víkurgata 3 - umsókn um leyfi fyrir móttökudiski.

Grzegorz L. Maszota kt.300985-2549 sækir um að setja móttökudisk á lóðina við Víkurgötu 3. Skissa fylgir með.

Skipulags- og byggingarnefnd bendir á að þessi framkvæmd er undanþegin byggingarleyfi svo framalega að diskurinn sé ekki stærrí en 1.2m í þvermál.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.7. 1410015 - Borgarhlíð 2,4,6og 8 – girðing.

Kristján J. Kristjánsson, sækir um fyrir hönd eiganda að Borgarhlíð 2,4,6 og 8 að setja upp girðingu á lóðarmörkum samkvæmt skissu.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.



1.8. 1410017 - Silfurgata 41 - Girðing og sorpskýli.
Trausti Tryggvason, kt:030249-2599 sækir um leyfi til að byggja grindverk og sorpgeymslur á lóðarmörkum samkv. skissu. Samþykki eiganda á lóðarmörkum fylgir með. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir erindið og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út byggingarleyfi.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.9. 1409043 - Arnarborg 12 – lóðarblað.
Nýtt lóðarblað fyrir Arnarborg 12. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir lóðarblaðið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.10. 1409044 - Arnarborg 13 – lóðarblað.
Nýtt lóðarblað fyrir Arnarborg 13. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir lóðarblaðið.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:LÁH

1.11. 1409045 - Silfurgata 20-22-24a – lóðarblöð.
Ný lóðarblöð fyrir Silfurgötu 20, 22 og 24a. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir nýtt lóðarblað.

Afgreiðsla nefndarinnar samþykkt.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.12. 1410016 - Austurgata 7 – Fyrirspurn.
Sigríður Magnúsdóttir Arkitekt, leggur inn fyrirspurn vegna Austurgötu 7, þar sem aðkoma verði færð austur fyrir Austurgötu 9. Núverandi bílskúr verði fluttur vestur fyrir, milli austurgötu 5 og 9 og bílastæði sem hafa verið teiknuð vestan megin við Austurgötu 7 verði færð sunnanmegin við húsið. Ásamt stækkun á forrými um 50m² til suðurs. Skipulags- og byggingarnefnd tekur jákvætt í erindið og telur þessa lausn líklega mun betri en sú sem áður var búið að leggja upp með.

Bæjarráð leggur áherslu við endurskipulagningu á bílastæði og aðkeyrslu að Kirkju og húsi Kaþólska safnaðarins, verði þess gætt að



ekki verði þrengt að útivistarsvæði, aðkomu og bílastæði við Sjúkrahús, sem er ætlað fyrirhuguðu Hjúkrunarheimili.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt með áorðnum breytingum.

Til máls tóku:LÁH,RMR,HB,KG og SB

1.13. 1405062 - Austurgata - Breyting á aðalskipulagi. "Tillaga" að breytingu á aðalskipulagi. Kynningarfundur fyrir "Drög að tillögu" var auglýstur í Stykkishólmspóstinum 2. okt. og Morgunblaðinu 3.okt. Kynningarfundur var haldinn samkvæmt 30.gr. skipulagslaga nr. 123/2010, mánudaginn 6.okt.2014. Fundargerð kynningarfundar fylgir með. Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir tillöguna og leggur til að tillagan verði auglýst samkvæmt 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Bæjarstjórn samþykkir tillöguna og leggur til að tillagan verði unnin og auglýst samkvæmt 31.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

1.16. 1409032 – Umferðaröryggisáætlun. Stefna stjórnvalda er að sveitarfélög með meira en 1000 íbúa geri umferðaröryggisáætlun. Skipulags- og byggingarnefnd vísar erindinu til bæjarráðs/bæjarstjórnar til frekari ákvörðunartöku.

Bæjarráð samþykkir að fela byggingafulltrúa að leita samráðs við lögreglustjóra og skipulags- og byggingarnefnd við undirbúning á gerð Umferðaröryggisáætlunar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:RMR

1.17. 1409033 – Brunavarnaráætlun. Skipulags- og byggingarnefnd vísar erindinu til bæjarráðs/bæjarstjórnar til frekari ákvörðunartöku.

Bæjarráð samþykkir að fresta afgreiðslu málsins. Bæjarráð óskar eftir samráði við slökkviliðsstjóra og byggingafulltrúa varðandi brunavarnaráætlun fyrir Stykkishólm.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

1.18. 1409016 - Fyrirspurn vegna báta utan við hús í þéttbýli
Bæjarráð samþykkir að byggingafulltrúi geri tillögu að staðsetningu geymslusvæðis og reglum um geymslusvæði fyrir báta.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.



**Liður 6 fundargerð íþróttá - og æskulýðsnefndar (49.fundur)
haldinn 14.10.2014**

Fundargerð framlögð og samþykkt. Bæjarstjóra falið að kalla eftir bréfi frá formanni Snæfells, samanber fundargerð.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Til máls tók:SB

**Liður 18 bréf varðandi starfsumhverfi og þjónustusvæði
Mæðrastyrksnefndar dags.16.09.2014**

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við styrkbeiðni.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 19 bréf varðandi styrkbeiðni vegna hljóðritunar á viðtölum
dags.02.10.2014**

Samþykkt að vísa erindinu til safna -og menningarmálanefndar.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

**Liður 23 bréf vaðarandi beiðni um athugasemdir við
talningarsvæði vegna manntals 2011 dags. 14.10.2014**

Bæjarráð hefur ekki athugasemdir við talningarsvæði vegna manntals 2011.

Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Liður 25. Boðun funda.

Bæjarstjóra falið að kanna með hvaða hætti fundarboð verði send nefndarmönnum með rafrænum hætti.

Til máls tóku:HG,HB,LÁH,SPJ og SB

Fundargerð samþykkt.

**1.3. Fundargerð bæjarráðs nr. 518, dags. 23.október 2014.
Fundargerð framlögð.**

Liður 1 Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir 2015-2018

- a.Sturla Böðvarsson gerði grein fyrir helstu forsendum og markmiðum við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árin 2015-2018.
- b. Þór Örn bæjarritari gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir árið 2015 og gerði einnig grein fyrir þriggja ára fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar 2016-2018.

Samþykkt að vísa Fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2015, ásmat þriggja ára áætlun 2016-2018, til fyrri umræðu í bæjarstjórn.



Afgreiðsla bæjarráðs samþykkt.

Fundargerð samþykkt.

2. Fundargerðir nefnda.

- 2.1. Fundargerð - Skipulags- og bygginganefndar nr. 177 dags. 13.10.14.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.
- 2.1 Fundargerð Skólanefndar nr. 135 dags. 07.10.2014.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.2 Fundargerð Jafnréttisnefndar nr.12 dags. 02.09.2014.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.3 Fundargerð nefndar um málefni fatlaðra nr. 16 dags.06.10.2014.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.4 Fundargerð Stjórn Dvalarheimilis nr. 85 dags. 06.10.2014.**
Fundargerð framlögð og samþykkt.
- 2.5 Fundargerð Æskulýðs-og íþróttanefndar nr. 49. dags. 14.10.2014.**
Fundargerð framlögð og samþykkt fyrr á fundinum.

3. Annað

3.1 Drög að Fjárhagsáætlun 2015-2018.

Sturla Böðvarsson bæjarstjóri gerði grein fyrir fyrstu drögum að fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2015 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018.

Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun Stykkishólmsbæjar fyrir árið 2015 og þriggja ára fjárhagsáætlun fyrir árin 2016-2018 til seinni umræðu í bæjarstjórn.

Til máls tóku: SB,LÁH og RMR

3.2 Tillaga vegna úthlutunar byggðakvóta fyrir fiskveiðitímabilið 2014-2015.

Sigurður Páll vék af fundi vegna tengsla og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir kom inn á fundinn.

Undirrituð leggja til við bæjarstjórn að samþykkt verði svofelld ályktun um byggðakvóta og send Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Við úthlutun byggðakvóta verði fullt tillit tekið til þess afla sem er fluttur að til vinnslu í Stykkishólmi vegna þeirra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1.gr. reglugerðar 652, 4. júlí 2014.

a) Ákvæði 1. mgr. 4. gr. breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af



úthlutun fyrra fiskveiðiárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í **Stykkishólmi og aðflutts botnsfiskafla til vinnslu í Stykkishólmi** í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið. á tímabilinu 1. september 2013 til 31. ágúst 2014. Komi minna en 100 þorskígildiskíló í hlut fiskiskips samkvæmt framangreindum reglum fellur hlutur til þess niður og skiptist hlutur þess milli annarra fiskiskipa frá sama byggðarlagi sem uppfylla skilyrði fyrir úthlutun í samræmi við skiptingu samkvæmt úthlutunarreglum.

b) Ákvæði 2. mgr. 4. gr. breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er **eða fluttur til vinnslu í Stykkishólmi** af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi byggðarlags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c) Ákvæði 3. mgr. 4. gr. breytist og verður: Réttindi til úthlutunar fylgja skipi, nema ef eigandi eða leigutaki fiskiskips, sbr. 1. gr. hefur endurnýjað fiskiskip sitt á því viðmiðunartímabili sem fram kemur í 1. mgr. og flutt aflahlutdeildir af eldra skipinu yfir á endurnýjaða skipið getur hann í umsókn sinni óskað eftir að við úthlutun aflamarks skv. 1. mgr. sé tekið tillit til landaðs afla **eða fluttur afli til vinnslu** eldra skips umsækjanda í sömu hlutföllum og nemur þeim aflahlutdeildum sem hafa verið fluttar milli skipanna.

Hafdís Bjarnadóttir
Íris Huld Sigurbjörnsdóttir
Katrín Gísladóttir
Sturla Böðvarsson

Tillagan var samþykkt með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Breytingatillaga.

Úthlutun byggðakvóta fyrir fiskveiðiárið 2014/2015

Við undirrituð leggjum til að Fiskistofu verði falið að úthluta byggðakvóta Stykkishólmsbæjar vegna fiskveiðiársins 2014/2015 á grundvelli þeirra almennu reglna sem um gilda í reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa nr. 652/2014.

Lárus Á. Hannesson
Ragnar M. Ragnarsson
Helga Guðmundsdóttir

Breytingatillaga felld með fjórum atkvæðum gegn þremur.

Til máls tóku:LÁH,HB,HG og SB

Sigurður Páll kom aftur inn á fund og Íris Huld Sigurbjörnsdóttir vék af fundinum.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:32

Þór Örn Jónsson